

Í dag er föstudagur 6. febrúar, 37. dagur ársins 2004.

**Orð dagsins:** Í kærleika sínum ákvað hann fyrirfram að veita oss sonarrétt í Jesú Kristi. Sá var vilji hans og náð, sem hann lét oss í té í sínum elskaða syni.

(Ef. 1, 5.-7.)

**Skípin**

**Reykjavíkurhöfn:** Skaftafell og Dettifoss fara í dag. **Haukur** kemur í dag.

**Hafnarfjarðarhöfn:** **Haukur** kemur í dag.

**Mannamót**

**Aflagrandi 40.** Kl. 9 vinnustofa, það og jóga, kl. 14 bíngó. Hársnyrtíng, fótaaðgerð.

**Árskógar 4.** Kl. 9–12 handavinna, kl. 13–16,30 smíðar. Bíngó spilað 2. og 4. föstudag í mánuði.

**Bólstaðarhlíð 43.** Kl. 8–16 hárgreiðsla, kl. 8.30–12.30 það, kl. 9–12 vefnaður, kl. 9–16 handavinna, kl. 9–17 fótaaðgerð, kl. 13–16 vefnaður og frjálst að spila í sal. Kl. 10 helgistund með sr. Kristínu Pálsdóttur.

**Félagsstarfið, Dalbraut 18–20.** Kl. 9 það og hárgreiðslustofan opin, kl. 14 söngstund.

**Félagsstarfið Dalbraut 27.** Kl. 8–16 handavinna og stofan opin, kl. 10–13 verslunin opin.

**Félagsstarfið Hæðargarði 31.** Opin vinnustofa, kl. 9–16.30, gönguþoppur, kl. 9.30.

**Félagsstarfið, Lönguhlíð 3.** Kl. 8 það, kl. 10 hárgreiðsla, kl. 10–12 verslunin opin, kl. 11 leikfimi, kl. 13 opið hús, spilað á spil.

**Félagsstarf aldrafara,** Garðabæ. vinnuhópur í gleri kl. 9, ullarþæfing kl. 13.30.

**Félag eldri borgara í Kópavogi.** Félagssvið spilað í Fannborg 8 (Gjábakka) kl. 20.30.

**Félag eldri borgara,** Hafnarfirði, Hraunseli, Flatahrauni 3. Opnað kl. 9, bríds kl. 13, biljard kl. 13.30.

**Gerðuberg, félagsstarf,** kl. 9–16.30 vinnustofur opnar m.a. almenn handavinna, frá hádegi spilasalur opin kl. 10 létt ganga, kl. 13.30 kóræfing.

**Gjábakki, Fannborg 8.** Kl. 9.05 myndvefnaður, kl. 9.30 málm- og silfursmíði, kl. 13 bókband. Á morgun, laugardaginn 7. febrúar, kl. 12–13 býður Hjörtur M. Guðmundsson gestum á opnun sýningar á handavinnu sinni í til efni 80 ára afmælis síns. Sýningin er opin til 29. febrúar.

**Gullsmári, Gullsmára 13.** Kl. 9 glerlist, kl. 10 ganga, kl. 13 bríds-

kennsla. Kl. 14 Gleðigjafarnir syngja.

**Hraunbær 105.** Kl. 9 handavinna, útskurður, þaðþjónusta, fótaaðgerð og hárgreiðsla, kl. 11 spurt og spjallað, kl. 14 bíngó.

**Hvassaleiti 58–60.** Fótaaðgerðir virka daga, hársnyrtíng þriðjudag til föstudags.

**Norðurbrún 1.** Kl. 9–17 hárgreiðsla, kl. 10–11 boccia, kl. 14 leikfimi.

**Vesturgata 7.** Kl. 9–16 fótaaðgerð og hárgreiðsla, kl. 9.15–14.30 handavinna, kl. 10–11 kántrídans. Kl. 13.30 sungið við flygilinn við undirleik Sigurgeirs, kl. 14.30 dansað við lagaval Sigvalda, kl. 15 kennir Sigvaldi salsa, rjóma-terta með kaffinu.

Þorablót verður haldið föstudaginn 13. febrúar. Húsið opnað kl. 17. Sigurgeir Björgvinsson leikur á flygilinn. Þorra-hlaðborð. Veislustjóri: Gísli S. Einarsson varaþingmaður, flytur gamanmál o.fl. Minni karla: Valdis Samúelsdóttir. Minni kvenna: Þórarinn Á. Samúelsson. Fjöldasöngur. Hapdrætti. Karlakórinn KKK syngur, kórstjóri og undirleikari Ulrich Ólafsson. Sæmi rokk og Didda sýna dans.

Hljómsveit Hjörðisar Geirs leikur fyrir dansi. Upplýsingar og skráning í síma 562 7077.

**Vitatorg.** Kl. 8.45 smíði, kl. 9 hárgreiðsla og myndlist, kl. 9.30 bókband og morgun- undstund, kl. 10 fótaaðgerðir og leikfimi, kl. 12.30 leir, kl. 13.30 bíngó. Þorablót Vitatorgs verður haldið fimmtudaginn 12. febrúar, allir velkomnir, upplýsingar í síma 561 0300.

**Þjónustumiðstöðin,** Sléttuvegi 11. Opnið frá kl. 10–14.

**Félag eldri borgara í Gjábakka.** Spilað bríds kl. 19 þriðjud. og kl. 13.15 föstud.

**Hana-nú, Kópavogi.** Laugardagsgangin á morgun. Lagt af stað frá Gjábakka, kl. 10.

**Félag einhleypa.** Fundur á morgun kl. 21 í Konnakoti, Hverfísgötu 105, nýir félagar velkomnir. Munið gönguna mánu- og fimmtudaga.

**Slysavarnadeild kvenna** í Reykjavík. Aðalfundurinn verður fimmtudaginn 13. feb. kl. 20 í Höllubúð. Venjuleg aðalfundarstörf. Þorramatur.

**Slysavarnadeild kvenna** í Reykjavík. Aðalfundurinn verður fimmtudaginn 13. feb. kl. 20 í Höllubúð. Venjuleg aðalfundarstörf. Þorramatur.

**Slysavarnadeild kvenna** í Reykjavík. Aðalfundurinn verður fimmtudaginn 13. feb. kl. 20 í Höllubúð. Venjuleg aðalfundarstörf. Þorramatur.

**Fordómar**

KRISTJANA Vagnsdóttir skrifar í Velvakanda 3. febrúar sl. undir fyrirsögninni öryrki eða ekki. Hún segist vera sammála Davíð Oddssyni þegar hann talaði um breytt mat á örorku. Ég heyrði ekki þessi orð hans, en mér finnst Kristjana geysast fullhratt fram á ritvöllun og tala um að allir öryrkjar gangi ekki undir því nafni. Hún talar um að margir vilji vera það en sigla undir svörtum fana.

Það er nógu slæmt að vera öryrki vegna slyss eða veikinda og þurfa að skrímta af lágu bótm þó að þessu fólki mæti ekki tortryggni og sé látið jafnvel liggja að því að það sé að gera sér upp veikindi sín. Ég veit um

marga öryrkja sem óska sér einskis frekar en að geta unnið, því tími þessa fólks er oft lengi að líða og sumir einangrast félagslega. Ég vil ráðleggja Kristjönu að kynna sér málin betur áður en hún tjáir sig um málefni öryrkja.

**Sigrún Ármanns Reynisdóttir.**

**Þriðja kryddið**

KONA frá Selfossi undrast yfir því að þriðja kryddið skuli notað í uppskrift í Morgunblaðinu, en þriðja kryddið er miklu algengara í mat en hún heldur. Má nefna spægipyllu frá kjötvinnslu á Suðurlandi og olívu í dós frá Spáni, seldar í sælkerabúð í Reykjavík. Fleiri dæmi gæti ég nefnt. Gaman væri að fá álit

Laufeyjar Steingrímsdóttur matvælafræðings á þriðja kryddinu, öðru nafni monosodium glutamate E621.

**Ingi Stein.**

**Síróp frá Karó**

BRYNDÍS spyr um síróp frá Karó í Velvakanda 4. febrúar sl. Samkvæmt upplýsingum okkar flutti Heildverslunin Karl K. Karlsson þetta vörumerki inn en er því miður hætt því og veit ekki til þess að neinn hafi tekið við innflutningnum.

Kveðja,

**Helga Þorsteinsdóttir, Þjónustuveri Gulu Ínunnar.**

**Er Háskólinn í óreglu?**

Það heyrir nú til undantekninga í HÍ að mæta í

fyrirlestra eða svokallaða dæmatíma. Þess í stað hefur það þótt æ sjálfsagðara að mæta í svokallaðar vísindafærðir sem eru í raun afsökun fyrir áfengisneyslu. Þetta er neikvæð þróun. Ef fram heldur sem horfir mun brottfallið aukast, atvinnuleysi einnig í kjölfarið ásamt öðrum vandamálum. Háskólanemar: Snúum þróuninni við og mætum í skólann.

**Ólafur Þórisson.**

**Dýrahald****Kettling vantar heimili**

YNDISLEGUR átta vikna kassavanur högni óskar eftir góðu heimili sem allra fyrst. Upplýsingar í síma 562-4766.

**Morgunblaðið Krossgáta****LÁRÉTT**

1 sax, 4 hnusar af, 7 ekki djúp, 8 kvabbs, 9 tók, 11 tóma, 13 ilma, 14 gál-an, 15 bráðum, 17 brúka, 20 hláss, 22 alir, 23 fiskurinn, 24 skynfærin, 25 hreinar.

**LÓDRÉTT**


1 mæla, 2 smyrsl, 3 karlar, 4 görn, 5 stygg, 6 þvaðra, 10 dáð, 12 beita, 13 elska, 15 fást við, 16 næstum ný, 18 heiðursmerki, 19 getur gert, 20 heiðurinn, 21 slæmt.

**LAUSN SÍÐUSTU KROSSGÁTU**

**Lárétt:** 1 termítana, 8 fælir, 9 feita, 10 ill, 11 móður, 13 asnar, 15 sögðu, 18 ölgan, 21 Róm, 22 tórum, 23 iðnað, 24 ríklíngur.

**Lódrétt:** 2 eplið, 3 mæri, 4 tafla, 5 náinn, 6 ófim, 7 maur, 12 urð, 14 sál, 15 sótt, 16 gerpi, 17 urmúl, 18 óminn, 19 gengu, 20 næði.

Hægt er að kaupa 10 krossgátur á 600 kr. á mbl.is. Slóðin er: <http://www.mbl.is/mm/folk/krossgata/index.html>

**Víkverji skrifar...**

Listamaðurinn Ólafur Elíasson, sem er fæddur í Danmörku af íslensku foreldri, hefur undanfarið ár verið í þeirri stöðu að bæði Íslendingar og Danir gera tilkall til hans – sem Ólafur lætur sér reyndar í léttu rúmi liggja. Hann sagði í viðtali við Morgunblaðið fyrir tæpum tveimur árum um þá ákvörðun danska menningarmálaráðuneytisins að velja hann til að taka þátt í Feneyjtværingnum fyrir hönd Danmerkur: „Getan til að taka þátt í menningarumræðunni á þrepinu fyrir ofan þjóðlega planið; – þ.e. á alþjóðlegum vettvangi og mikilvægi þess fyrir Danmörku, ráða vali þeirra á listamanni til að sýna í Feneyjum. Þeir áttu þess vegna ekkert í vandræðum með að leita til mín, enda kalla þeir mig dansk-íslenskan listamann.“

Ólafur Elíasson er auðvitað fyrst og fremst mótaður af alþjóðlegum straumum – hann er af íslensku foreldri, uppallinn í Danmörku, býr og starfar í Þýskalandi og vinnur með fólki víða um heim. Það, sem er mikilvægt fyrir Íslend-



Morgunblaðið/Sverrir

**Ólafur Elíasson: Engar yfirlýsingar klappaðar í stein eins og hjá Thorvaldsen.**

inga, er að hann er virkur þátttakandi í íslenskum myndlistarheimi, eins og sýningar hans hér á landi hafa borið vott um, ekki sízt sú sem nú stendur í Listasafni Reykjavíkur í Hafnarhúsinu. Sú ræktarsemi, sem Ólafur hefur sýnt Íslandi, er til þess fallin að vekja athygli umheimsins á íslensku listalífi yfirleitt.

Þegar forsetafrúin lýsti því yfir að ekki ætti að láta Dani eina eigna sér Ólaf, hugsaði Víkverji til þess að listamaðurinn væri kominn í svipaða

stöðu og myndhöggvarinn Bertel Thorvaldsen fyrir rúmlega hálfri annari öld. Þá og lengi síðan hafa Danir og Íslendingar ekki verið sammála um það hvort Ísland geti gert tilkall til listamannsins, sem var fæddur í Danmörku en átti íslenskan föður. Thorvaldsen, rétt eins og Ólafur, bjó reyndar lengst af í þriðja landinu, í Rómaborg á Ítalíu. Líkt og Ólafur Elíasson var hann alþjóðlegur listamaður, því að í nýklassískum verkum hans er fátt, sem vísar sérstaklega til Danmerkur eða Íslands. En í þá daga skipti þjóðerni meira máli en nú og Thorvaldsen sendi Íslendingum hjartfölgna sönnun þess að hann liti á sig sem Íslending, a.m.k. öðrum þræði. Hann gerði skírnarfont í Dómkirkjunni í Reykjavík og hjó á bakhlíð hans áletrun, þar sem hann segist gefa landi feðra sinna listaverkið. Ólafur Elíasson gæti auðvitað sýnt mönnum í eitt skipti fyrir öll að hann liti á sig sem Íslending með því að höggva það einhvers staðar í stein – en líkast til gerir hann það ekki. Rétt eins og Thorvaldsen er hann „á þrepinu fyrir ofan þjóðlega planið“.

Íslands. En í þá daga skipti þjóðerni meira máli en nú og Thorvaldsen sendi Íslendingum hjartfölgna sönnun þess að hann liti á sig sem Íslending, a.m.k. öðrum þræði. Hann gerði skírnarfont í Dómkirkjunni í Reykjavík og hjó á bakhlíð hans áletrun, þar sem hann segist gefa landi feðra sinna listaverkið. Ólafur Elíasson gæti auðvitað sýnt mönnum í eitt skipti fyrir öll að hann liti á sig sem Íslending með því að höggva það einhvers staðar í stein – en líkast til gerir hann það ekki. Rétt eins og Thorvaldsen er hann „á þrepinu fyrir ofan þjóðlega planið“.

Íslands. En í þá daga skipti þjóðerni meira máli en nú og Thorvaldsen sendi Íslendingum hjartfölgna sönnun þess að hann liti á sig sem Íslending, a.m.k. öðrum þræði. Hann gerði skírnarfont í Dómkirkjunni í Reykjavík og hjó á bakhlíð hans áletrun, þar sem hann segist gefa landi feðra sinna listaverkið. Ólafur Elíasson gæti auðvitað sýnt mönnum í eitt skipti fyrir öll að hann liti á sig sem Íslending með því að höggva það einhvers staðar í stein – en líkast til gerir hann það ekki. Rétt eins og Thorvaldsen er hann „á þrepinu fyrir ofan þjóðlega planið“.

**STAKSTEINAR**

**Forsetinn og heimastjórnarafmælið**

Töluvert hefur verið fjallað um fjarveru forseta Íslands frá viðburðum tengdum heimastjórnarafmælinu á pólitískum vefritum í vikunni.

Ásthildur Sturludóttir ritar grein um málið á vefritið Tíkina. „Pau eru einkennileg viðbrögðin sem forseti Íslands sýnir vegna ríkisráðfundarins sem haldinn var 1. febrúar sl.“ segir Ásthildur. „Sérstaklega eru viðbrögð hans einkennileg í ljósi þess að aðdragandi fundarins eru heil 100 ár þó seint hafi verið til hans boðað. Auðvitað er sjálf-sagt að haldinn sé ríkisráðsfundur á 100 ára afmæli heimastjórnarinnar. Það hefði hins vegar verið óeðlilegt að halda ekki ríkisráðsfund og beinlínis skýtið að nýta ekki tækifærið og staðfesta nýja reglugerð um stjórnarráðið á afmælisdegi þess. Þetta allt mátti forsetinn vita. Það er því hjá-kátlegt að hann beri því við að fundinum hafi verið haldið leyndum fyrir honum og að hann hafi lítið vitað um hátíðahöldin í kringum afmæli íslensku heimastjórnarinnar.“

Hátíðahöldin áttu ekki að fara fram hjá neinum þeim sem þekka íslenska stjórnarráðsögu. Hvað þá þeim sem hafa doktorsþróf í íslenska stjórnkerfinu líkt og forsetinn. Þess vegna átti Ólafur Ragnar Grímsson að sjálfsgöðu að gera ráð fyrir því að vera á Íslandi þann 1. febrúar 2004 til þess að fagna með íslensku þjóðinni á þessum hátíðisdegi. Annað er hrein móðgun við íslenska lýðveldið og framkvæmdavaldið. Forseti Íslands fer ekki til Bandaríkjanna til þess að opna sögusýningu og fara í vetrarfrí þegar slík hátíðarhöld standa fyrir dyrum hjá þjóðinni. Slíkt getur varla talist brýn nauðsyn. Það er skylda hans sem forseta að vera viðstaddur afmæli sem þetta, jafnvel þó sérstakt hlutverk hans sé ekkert nema að votta framkvæmdavaldinu virðingu sína.

Sá ljóti grunur læðist hins vegar að, að forseti lýðveldisins hafi ekki haft áhuga á að taka þátt í dagskránni sem haldin var í tilefni afmælis heimastjórnarinnar vegna þess að skilgreint hlutverk hans var ekkert. Hann var í aukahlutverki en ekki í aðalhlutverki. Ef það er svo að forseti lýðveldisins sér sér ekki lengur fært að mæta á svo mikilvægan viðburð vegna þess að einhver annar er í aðalhlutverki má fara að efast um tilgang forsetaembættisins og það geri ég eftir yfirlýsingar forsetans. Skömmin er því hans en ekki ríkisstjórnarinnar,“ segir Ásthildur Sturludóttir í grein sinni á Tíkinni.

**Ferdinand**